



Þjónustuþróun – nýjung í faginu:

## Ertu að skilja og skilur ekki neitt?

*Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi MA og sáttamaður  
Þyri Halla Steingrímsdóttir, hæstaréttarlögmaður og  
einn af eigendum Lögfræðistofu Reykjavíkur*



Gyða  
Hjartardóttir



Þyri Halla  
Steingrímsdóttir

Við skilnað verða grundvallarbreytingar á lífi fólks sem getur verið erfitt að takast á við. Samkvæmt rannsóknnum er skilnaður skilgreindur sem lífskrísa og því er eðlilegt að bregðast við með streitu-, áfalla- og/eða sorgarviðbrögðum. Vert er að benda á að það er að heilmiklu að huga sem tengist því að skilja, sér í lagi þegar fólk á börn og eignir saman. Fjallað er um þessi málefni bæði í hjúskaparlögum og barnalögum, þar sem sérstaklega er fjallað um réttindi og skyldur foreldra sem búa ekki saman. Auk þess leggur löggjafinn áherslu á að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir að leiðarljósi þegar foreldrar og hið opinbera taka ákvarðanir tengdar börnum.

Vefurinn [www.skilnaður.is](http://www.skilnaður.is) og þjónusta hans byggist á þverfaglegri lögfræði- og félagsráðgjafarmenntun en höfundar og eigendur síðunnar hafa báðar áratuga reynslu á sviði fjölskylduréttar, m.a. í fjölskyldu- og foreldraráðgjöf, málefnum barna, skilnaðarráðgjöf, foreldrasamstarfi og stjúptengslum, rekstri ágreiningsmála um málefni barna (forsjár- og umgengnismál), fjárskipta- og erfðamálum, barnaverndarmálum og ýmsu

öðru tengdu málefnum fjölskyldna og einstaklinga. Reynslan hefur sýnt að mikil vöntun er á hagnýtum upplýsingum og leiðbeiningum „á mannamáli“ sem leiða fólk áfram í ferlinu, bæði þegar kemur að félagslegum og lagalegum þáttum. „Þegar ég var að skilja, þá skildi ég ekki neitt“ er setning frá einstaklingi sem varð kveikjan að vefnum ásamt áratuga reynslu og þekkingu á fjölskyldumálum.

Á vefnum er að finna skilgreiningar og útskýringar á hinum ýmsu hugtökum tengdum málefnum, t.d. á hugtökunum forsjá, lögheimili, skipt búseta, meðlag, umgengni og fjárskipti, ásamt hagnýtum upplýsingum fyrir bæði einstaklinga og fagfólk um þau skref sem þarf að taka við hjónaskilnað og sambúðarslit, bæði um það sem snýr að fjárskiptum milli hjóna og sambúðarfólks og um málefni barna. Jafnframt er skilgreindur munurinn á sambúð og hjúskap, munurinn á skilnaði að borði og sæng og lögskilnaði og hvað það er sem skiptir börnin máli við skilnað. Leitast er við að gera vefinn aðgengilegan, einfaldan og notendavænan, þannig að hann nýtist bæði einstaklingum og fagfólki.

Í fjölskyldumálum er mikilvægt að leggja áherslu á samstarf en ekki sundrung og er heimasíðan byggð á þeirri hugmyndafræði. Samstarf félagsráðgjafa og lögfræðinga er bæði farsælt og gagnlegt fyrir aðila máls þegar kemur að þessum málaflokki og hvetjum við alla félagsráðgjafa sem vinna með fjölskyldum til þess að skoða vefinn og jafnframt fylgja okkur á Facebook undir [skilnaður.is](http://www.skilnaður.is) en þar birtum við reglulega ýmsan fróðleik tengdan sérfræðipekkingu okkar.